

sé lagt á, og sé því útsvarsálagningin í raun og veru eignar-
nám, sem hreppsnefndina skortir heimild til.

Útsvar þetta er lagt á hagnað af sildveiði gjörðarþola á
Eskifirði sumarið 1926. Telur umboðsmaður gjörðarþola þennan
hagnað 9000 kr., án þess þó að leggja fram nokkra reikninga
eða sundurliðaða skýrslu yfir þennan atvinnurekstur sinn, og
hefir gjörðarbeiðandi fært talsverðar líkur fyrir því, að neitó-
hagnaður gjörðarþola hafi orðið miklu meiri. Það verður því
ekki talið sannað í málinu, að hreppsnefndin hafi með því að
leggja téðar 6000 kr. á gjörðarþola farið fram yfir þau
takmörk, sem henni eru sett í lögum, enda þótt aukaútsvar
þetta virðist mjög hátt, miðað við sildarafla gjörðarþola, og
með því að útsvarsskyldu gjörðarþola á Eskifirði, téð sumar,
er ekki mótmælt, verða framangreind mótmæli umboðsmanns
hans ekki tekin til greina, heldur á umbeðið lögtak fram að
ganga.

Miðvikudaginn 29. maí 1929.

Nr. 39/1928.

H/f. Völundur (Lárus Fjeldsted)

gegn

hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps

(Jón Ásbjörnsson).

Skuldamál.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 24. marz 1928:
Stefnd, hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps, f. h. þess hrepps, á að
vera sýkn af kröfum stefnandans, h/fj. »Völundar« hér í bæn-
um, í þessu máli, er stefnandi á að greiða stefndum 150
krónur í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirt-
ingunni dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hin stefnda hreppsnefnd hefir haldið því fram, að
áfrýjandi hafi afhent Bræðrunum Proppé, en ekki
stefndu timbrið til hafnargjörðarinnar, og hefir áfrýj-
andi ekki hnekkt þessu. Einnig er það upplýst hér

fyrir réttinum, að áfrýjandinn sendi stefndu ekki reikninginn yfir timbrið og krafði hana ekki um kaupverð þess fyr en 2 dögum eftir að birt hafði verið innköllun til skuldheimtumanna í þrotabúi Bræðranna Proppé, þ. e. 20. okt. 1927.

Að þessu athuguðu verður að staðfesta sýknudóm gestaréttarins, af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í dóminum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en að áfrýjandi greiði stefndu 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps á sýkn að vera af kröfum áfrýjanda h/f. Völundar í máli þessu.

Málskostnaður í héraði falli niður, en áfrýjandi greiði stefndu 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir heimild í lögum nr. 59/1905 höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefni, 29. apríl 1927, af hlutfélaginu »Völundur« hér í bænum gegn hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps í Snæfellsnessýslu, f. h. þess hrepps, til greiðslu á kr. 1350.73, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1925 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu með kr. 178.00.

Hin stefnda hreppsnefnd hefir krafizt algjörðrar sýknu af kröfum stefnanda í málinu og riflega málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að vorið 1925 bað hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps firmað »Bræðurnir Proppé« í Ólafsvík að útvega timbur til hafnargjörðarinnar þar. Varð firmað við þessari beiðni og fékk timbrið frá stefnanda. Kom það vestur 16. júní s. á. og fylgdi því reikningur, sömu upphæðar og dómkrafan, stflaður til hafnargjörðarinnar, en sendur firmanu, og var hann

færður hafnargjörðinni til útgjalda s. d. í verzlunarbókum firmans.

Vorið eða sumarið 1926 varð firmað »Bræðurnir Proppé« gjaldþrota. Sneri stefnandi sér þá fyrst til hreppsnefndar Ólafsvikurhrepps 25. október 1926, sendi henni reikning fyrir timbrinu og krafðist borgunar á honum. Hreppsnefndin svaraði málaleitan þessari 19. nóvember 1926 á þá leið, að hún hefði greitt firmanu »Bræðurnir Proppé« npphæðina þegar eftir móttöku timbursins og greiddi hana ekki aftur, ódæmd. Höfðaði stefnandi mál þetta og hefir í því gjört réttarkröfur þær, er að framan greinir.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að þar sem stefnandi sendi firmanu »Bræðurnir Proppé«, en ekki stefndum beint reikninginn fyrir timbrinu til hafnargjörðarinnar í Ólafsvik, þá hafi í því legið umboð til firmans til þess að heimta inn upphæð reikningsins og kvitta fyrir móttöku hennar, og þar sem það er ómótmælt, að stefndur hafi greitt firmanu reikningsupphæðina, og stefndandi sneri sér ekki til stefnds um borgun á henni fyrri en nærri hálfu öðru ári á eftir að timbrið var látið af hendi og eftir að firmað var orðið gjaldþrota, verður eigi betur séð en að hann hafi fyrirgjört þeim rétti, sem hann í upphafi hafði til þess að krefja stefndan um borgun fyrir timbrið.

Verður því að áлити réttarins að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu, og dæma hann til að greiða stefndum málskostnað, er með hliðsjón af lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins þykir hæfilega ákveðinn 150 krónur.

Föstudaginn 31. maí 1929.

Nr. 9/1929.

Kári Ósland (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Sigurði Jónssyni o. fl., f. h. h/f. „Alda“
(Lárus Jóhannesson).

Ábyrgð fyrir kaupgreiðslu.

Dómur aukaréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 13. febr. 1928: Stefndu, kaupmennirnir, Sigurður Jónsson, Lars